



Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur,
deildarstjóra.

10. febrúar 1995.

Efni: Lögreglustjóranum í Reykjavík hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun (mál nr. 335). Óskað er umsagnar um frumvarpið.

Lögreglan í Reykjavík lýsir sig sammála því að komið verið upp samræmdri neyðarsímasvörun, að undangengnum vönduðum undirbúningi og nægilega skýrar forsendur séu lagðar til grundvallar.

Eins og lagafrumvarp þetta liggur fyrir leggst Lögreglan í Reykjavík gegn því að það verði að lögum, þar sem ljóst er að mjög mikil vinna þarf að fara fram áður en samræmdu neyðarsímsvöruninni yrði komið á og hinir mörgu óvissuþættir sem við blasa, geta skapað ýmis torleyst vandamál. Þá þyrftu lögin að kveða mun skýrar á um ýmis atriði, en lögin taka mjög takmarkað á sumum veigamestu atriðum málsins en vísa í þess stað til væntanlegrar reglugerðar. Þrátt fyrir það gera lögin ráð fyrir að tilvitnuð neyðarþjónusta verði komin á eigi síðar en 31. desember 1995.

Lögreglan í Reykjavík mun verða stærsti einstaki viðskiptavinur fyrirtækis sem sæi um neyðarsímsvörun. Lögreglan á landinu í heild mun hafa um 60% af viðskiptum við slíkt fyrirtæki. Það veldur lögreglunni því töluverðum áhyggjum hvernig farið hefur með undirbúning að þessari neyðarsímsvörun. Eins og áður segir verður lögreglan stærsti viðskiptavinur þessa fyrirtækis - og hefur auk þess óumdeilanlega langmesta reynslu allra hér á landi í að veita þá þjónustu sem um ræðir. Lögreglan hefur þrátt fyrir það ekkert verið höfð með í ráðum, eða að öðru leyti verið gefinn kostur á að koma að undirbúningi málsins. Í því sambandi má benda á að í nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 28. apríl 1993, til að hafa forystu um að koma á samræmdu neyðarnúmeri fyrir allt landið, var enginn fulltrúi frá lögreglunni.

Niðurstaða: Sú lagasmíð sem hér er til umsagnar hefur ekki fengið nægan undirbúning, til að skynsamlegt sé að gera frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Guðjónsson
yfirlögregluþjónn